

## Fréttir af markaði

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu tæpum milljarði króna í febrúar en þar af voru tæpar 900 milljónir króna vegna almennra lána. Til samanburðar námu almenn útlán í febrúar 2011 tæpum 1,4 milljörðum króna. Meðalútlán almennra lána voru um 9,5 milljónir króna í febrúar. Heildarfjárhæð almennra lána það sem af er ári er samtals um 2 milljarðar króna en var um 2,7 milljarðar króna á sama tímabili árið 2011.

Þjóðskrá Íslands birti í fyrsta sinn föstudaginn 24. febrúar upplýsingar um húsaleigu eftir staðsetningu og stærðarflokkum fasteigna á landinu og hyggst hér eftir birta mánaðarlega leiguverð og vísitölu leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu. Á síðustu mánuðum hafa Þjóðskrá Íslands og Íbúðalánasjóður átt samstarf um skráningu upplýsinga um leiguverð úr þinglýstum leigusamningum. Hingað til hefur Þjóðskrá aðeins birt upplýsingar um fjölda leigusamninga sem þinglýst er í hverjum mánuði en samkomulag við Íbúðalánasjóð um kostun skráningar gerir kleift að skrá líka fjárhæð húsaleigu, staðsetningu og eiginleika fasteignar.

Alls hefur Íbúðalánasjóður veitt 222 almenn íbúðalán frá áramótum í samanburði við 279 lán á sama tímabili í fyrra, sem er fækkun um rúm 20%.


Undir lok mánaðarins voru fullnustueignir Íbúðalánasjóðs 1.751 talsins en þar af voru 947 eignir áður í eigu lögaðila. Þá eru 707 eignir í útleigu og 255 eignir eru ekki íbúðarhæfar en þær eru flestar ófullgerðar.

Ávöxtunarkrafa allra flokka íbúðabréfa lækkaði í febrúar nema ávöxtunarkrafa HFF14 sem hækkaði. Nam lækkunin 5-16 punktum eftir flokkum en HFF14 hækkaði um 367 punkta.

Heildarvelta íbúðabréfa nam um 86 milljörðum króna í febrúar samanborið við um 88 milljarða í janúar 2012.

Greiðslur Íbúðalánasjóðs vegna íbúðabréfa og annarra skuldbindinga námu tæpum 9,9 milljörðum króna í febrúar. Uppgreiðslur námu um 1,2 milljörðum króna.

Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa




Flokkur	Des. 2011	Jan. 2012	Feb. 2012	Meðallíftími	Nafnverð	Eft.st. nafnv.
HFF14	-5,60%	-7,82%	-4,14%	1,3	70,7	24,0
HFF24	1,44%	1,09%	1,04%	6,1	164,2	112,6
HFF34	2,49%	2,27%	2,11%	10,3	176,3	148,6
HFF44	2,70%	2,62%	2,54%	14,1	274,5	248,7


\*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar.  
Meðallíftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok febrúar '12.  
Af heildarútgáfu nafnverðs eru 9,6 ma. króna í hverjum flokki sem tilheyra lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.

Eigendur íbúðabréfa (í lok mánaðar)	Sept. 2011	Feb. 2012
Lífeyrissjóðir	62,2%	61,3%
Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir	11,5%	12,3%
Erlendir aðilar	8,0%	10,2%
Lánafyrirtæki	4,5%	4,7%
Önnur fyrirtæki	3,5%	3,1%
Einstaklingar	3,5%	2,9%
Bankar og sparisjóðir	3,7%	2,6%
Aðrir	3,3%	2,9%

Heildarútlán eftir ársfjórðungum (ma.ÍSK)



Útlánavextir Íbúðalánasjóðs 2009 - 2012



Útboð, útlán og greiðslur Íbúðalánasjóðs

Niðurstaða 2012


Í milljörðum króna	Áætlun Q1	Raun Q1	Áætlun 2012	Raun jan-feb 2012
Útgáfa íbúðabréfa*	6 - 7	3,3	24 - 29	3,3
Samtals ný útlán ÍLS	5 - 7	2,2	23 - 31	2,2
Greiðslur ÍLS	17 - 19	12,1	71 - 79	12,1

\*\*Útgáfa á nafnvirði

Áætlun 2012

Í milljörðum króna	1Q	2Q	3Q	4Q	Samtals
Útgáfa íbúðabréfa (Mv)	9 - 11	11 - 13	7 - 9	9 - 11	36 - 44
Útgáfa íbúðabréfa (Nv)	6 - 7	7 - 9	5 - 6	6 - 7	24 - 29
Ný útlán ÍLS	5 - 7	7 - 9	6 - 8	5 - 7	23 - 31
Greiðslur ÍLS	17 - 19	19 - 21	16 - 18	19 - 21	71 - 79

Mánaðarleg heildarútlán Íbúðalánasjóðs



Útboð íbúðabréfa

